

Selfossi 21. nóvember, 2006
ÓFL/KEi/kei

Fundargerð stjórnar

- 78. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn þriðjudaginn 21. nóvember, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Skrifstofu slökkviliðsstjóra)**
Mættir:
Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, Ólafur F. Leifsson og Snæbjörn Sigurðsson.
Einnig mætti á fundinn: Börkur Brynjarsson, verkfræðingur og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

1. Stjórn skiptir með sér verkum.
Kosning ritara stjórnar B.A.
Tillaga borin fram að Ólafur F. Leifsson verði ritari.
Samþykkt.
2. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)
Börkur kynnti stöðu mála en þar komu helst fram svör við ýmsum spurningum sem lagðar hafa verið fyrir byggingaaðila um innra skipulag hússins og efnistöð.

Börkur lagði fram greinargerð frá Björgunarfélagi Árborgar, “Skyldur leigusala” Skyldur leigukaupa”

Börkur lagði fram “Minnisblað” frá fundi bygginganefndar 14. nóvember s.l.

Einnig voru lögð fram svör formanns Björgunarfélagsins við spurningum frá 15.11. 2006 (Viðbótarsvör við minnisblað Barkar)

Teikningar af húsinu og umhverfi utanvið lagðar fram

Stjórn fór yfir blöðin og las þau saman. Einnig var farið yfir teikningar. Gerðar voru nokkrar athugasemdir sem Börkur kemur á framfæri.

Varðandi leigusamning og byggingalýsingu (yfirfara) þá liggja þau gögn ekki fyrir ennþá.

Um milliloft yfir slökkvitækjaþjónustu sér byggingaraðili ekkert því til fyrirstöðu að B.A. sjái um að byggja hana.

Í svari frá byggingaraðila kemur fram að ekki hafi tekist að fá svör frá Límtré hvað kostnaður verður mikill af því að setja steinullareiningar í húsið í stað eininga fylltum með “polyuritan”

Rætt var um fjölda bílastæða við húsið, huga þarf að fjölda þeirra.
Lækkun bílastæðis m.a.

Lögð var fram ályktun frá undirbúningshópi slökkviliðsins frá síðasta fundi hópsins þar sem kemur m.a. fram beiðni um að umferðaskipulagi á svæðinu við væntanlega björgunarmiðstöð verði hraðað og það liggja fyrir áður en endanleg ákvörðun um veru slökkviliðsins í húsinu verði ákveðin.
Umferðarskoðun

Samþykkt að skoða samninga í samráði við lögfræðing. Áður en af því verður munu mál verða samræmd í samvinnu við aðila Heilbrigðisstofnunar.

3. Fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2007 (Drög)

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að áætlun fyrir árið 2007.

Hækkun verður á rekstarliðum frá síðasta ári sem skýrast af nokkrum þáttum. Helst er að nefna stækkun liðsins með innkomu slökkviliðs Árnæs, launaþróun sem hefur verið uppávið hjá slökkviliðsmönnum á síðasta ári, kaup á tveimur slökkvibílum og ráðningu varaslökkviliðsstjóra.

Varðandi kaup á slökkvibílum þá þarf BÁ að fjármagna kaupin með virðisaukaskatti en sá skattur fæst endurgreiddur frá ríki og sveitarfélögunum einu til tveimur árum eftir kaupin.

Samþykkt að leggja áætlunina fyrir fulltrúaráðsfund sem verður mánudaginn 04. 12. næstkomandi. 11.00

4. Kynning á starfi liðsins.

Slökkviliðsstjóri kynnti eftirfarandi málefni;

a) Fréttabréf sem sent var inn á öll heimili í Gnúpverjahrepp í tilefni af sameiningu slökkviliðanna. Þar kom m.a. fram kynning á þeirri þjónustu sem BÁ vinnur í tengslum við eldvarnir og eldvarnareftirlit.
Góð viðbrögð heimamanna hafa orðið við fréttabréfinu.

b) Fundargerðir varðstjórafundna nr. 26 og 27

c) Fundagerð undirbúningshóps um byggingu slökkvistöðvar nr. 14

d) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að áformað sé að halda aðalfund Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, FSÍ, á Suðurlandi árið 2007. Fundurinn er haldinn fyrsta vetrardag ár hvert. Síðast var þessi fundur haldinn á Selfossi árið 1994. Slökkviliðsstjórar frá Hveragerði, Þorlákshöfn BÁ og Hrunamannahreppi hafa ákveðið að standa saman að þessum fundi.

e) Slökkviliðsstjóri sagði frá fyrirhuguðum kaupum á viðhafnarfatnaði fyrir slökkviliðsmenn og kynnti væntanlegar reglur varðandi úthlutun fatnaðarins í framtíðinni.

f) Greint var frá öflugri kynningaræfingu liðsins varðandi tækjakost vegna eiturefnaslysa. Slökkvilið SHS mun koma til Selfoss 30. nóv. n.k. með eiturefnagám liðsins og kynna hann. Einnig mun slökkvilið Þorlákshafnar kynna nýjan slökkvibíl, en sá bíll er nánast eins og sá bíll sem í bígerð er að fá til Selfoss og í Árnes. Einnig sagði sl.stjóri frá fyrirhuguðum skemmtifundi liðsins í upphafi næsta árs ar sem lögð verður áhersla á liðsheildina.

5. Trúnaðarmál.
Fært í trúnaðarbók.

**Margrét K. Erlingsdóttir Ólafur F. Leifsson Snæbjörn Sigurðsson
Kristján Einarsson**

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 00.00